Vestur-Islendingar.

Erindi, sem Einer H. Kvaran flutti í Nýja Bíó 3. okt. síðastl.

Framh.

Eg vék að því í upphafi þessa máls, að kirkjulegi félagskapurinn skifti mjög miklu máli með Vestur-Islendingum. Arið 1884 stofnuðu þeir lúterskt kirkjufélag, og byrjunin var mjög vænleg. Svo var að sjá, sem allur þorri landa vorra vestra ætlaði að sjá sér fært að vera með í þessum félagsskap. Þessi félagsskapur hefir að ýmsu leyti auk hinna trúarlegu áhrifa, verið einkar nýtur og góður. Hann hefir átt ómetanlegan þátt í viðhaldi islenzkrar tungu í Vesturheimi og samheldni mikils fjölda islenzkra manna þar. Hann hefir komið upp öðrum eins nytsemdarstofnunum eins og gamalmennahælinu á Gimli og Jóns Bjarnasonar skólanum í Winnipeg. En í trúarlegum efnum varð framþróunin ófug við það, sem hún hefir orðið hér heima. Hún lenti í fastheldni við gamlar skoðanir, kreddufestu, kenningastirfni og trúarjátningadýrkun. Allmikill fjöldi manna tók að fælast þenna félagsskap, gat ekki með nokkru móti séð að þeir ættu þar andlegt heimili, og sundrungarhugurinn var um stund ískyggilega öflugur.

Þeir, sem hafa verið kirkjufélaginu að sumu leyti andvigir í skoðunum — og meðal þeirra manna er eg einn — mega ekki vera of harðir í dómum sínum um það. Það dregur hver dám af sínum sessunaut. Lúterska kirkjan í Vesturheimi — ensk. norsk og þýzk — hefir eftir okkar mælikvarða hér heima, verið furðu kreddubundin. Sama hefir í raun og veru mátt segja um þær kirkjudeildir þar, sem eiga enskan uppruna. Unitarakirkjan hefir, að því er til frjálslyndisins kemur, staðið eins og klettur úr hafinu. A þessu er að verða stórkostleg breyting, að minsta kosti í sumum kirkjudeildum prótestanta og líklegast í þeim öllum. Mikill mannfjöldi hugsar í trúmálum alt annan veg en hann gerði fyrir tiltölulega fáum árum, svo að sumstaðar liggur við sprengingu milli liberalra manna og íhaldsmanna. En ef menn athuga þá furðulegu staðreynd, að eitt af Bandarikjunum hefir gefið út lög, sem leggja refsingu við því að kenna í skólum landsins nokkuð um uppruna jarðarinnar og mannkynsins, sem kemur í bág við frásagnir heil. ritningar, og að samskonar liggur við borð í fleiri rikjum, þá hlýtur mönnum að skiljast, hve magnað íhaldið er í Vesturheimi.

Það hefði auðvitað verið ánægjulegt frá okkar sjónarmiði, sem unnum frelsinu í trúmálum, ef íslenzku kirkjunni vestra hefði tekist að verjast þessum sterku kreddufestu-áhrifum. Henni auðnaðist það ekki. Og ef til vill var það varla von. En það er enginn vafi á því, að kirkjulífið er að breytast. Þar er að koma upp nýr og andlegri skilningur á trúmálunum. Ritgerðir Dr. Björns B. Jónssonar í Sam. bera þess órækt merki. Og sjálfur hefi eg hlustað á fagra sönnun þess í kirkju hjá sama prestinum.

Fyrir nokkrum árum voru flokkarnir þrir: kirkjufélagið, áhangendur séra Friðriks Bergmanns, sem höfðu fengið sannfæring fyrir kenningum nýrrar guðfræði og Unitarar. Nú eru þeir ekki nema tveir. Þeir, sem ekki vildu í kirkjufélaginu vera, en vildu halda uppi kristilegu félagslífi samt, hafa sameinast í Sambandskirkjufélaginu. Þeir orða játningu sina á þá leið, að þeir játist undir trú Jesú Ksists, eins og hún er mönnum opinberuð með kenningu hans, dæmi og liferni og staðhæfa, að hin sanna trú sé fólgin í elskunni til guðs og kærleika til mannanna. Þeir ætlast til þess, að prestar þeirra séu algerlega óháðir í kenningum sínum. I minum augum er þessi félagsskapur tilraun stórmerkileg. I Vesturheimi er hún nýung. En í raun og veru get eg ekki betur séð, en að hún sé furðu lik hinni islenzku þjóðkirkju, eins og hún er nú orðin.

Nú er að koma upp ný hreyfing. Nú eru að koma fram menn, sem eru svo stórhuga, að þeir vilja koma því til leiðar, að flokkurinn verði ekki nema einn — ekki verði nema ein hjörð. Þeir finna svo mikið til þess, hve mörgum örðugleikum skiftingin veldur, svo að jafnvel er hætta á því, að öll islenzk kirkjuleg starfsemi deyi út hennar vegna á afskektum stöðum og þar sem Islendingar eru fámennir. Og þeim finst að hinu leytinu svo mikið vera sameiginlegt með öllum kristnum mönnum, að ekki þurfi nema vilja til samvinnu til þess að fá henni framgengt. Aðalmaður þessarar hreyfingar er séra Albert Kristjánsson, mælskumaður með afbrigðum, einn þeir finni til skilnings og samúðar og andlegra hlýinda frá sínum forna átthögum. Það er einhvernveginn svona, að þrátt fyrir það mikla gengi, sem þeir hafa í sinu nýja landi, þá er öll samúð héðan þeim svo ótrúlega mikill gleðiauki.

Þetta stendur auðvitað í sambandi við þann kærleika og þá djúpsettu ræktarsemi, sem þeir bera í brjósti til Islands. Eg átti tal við einn bóndamann, sem aldrei hafði skort neitt í Vesturheimi. Honum fórust orð á þessa leið —eg setti þau vel á mig og eg gleymi þeim aldrei: "Eg hefi nú verið hér tuttugu ár, og enn hefir aldrei sá dagur liðið, að eg hafi ekki hugsað um Island og þráð að vera þangað kominn. Og enn hefi eg enga þá nótt sofið, að mig hafi nokkuð annað dreymt en eitthvað frá Islandi." Eg er ekki að segja að þetta sé algengt. Eg vona að það sé ekki algengt. Þessum manni hafði útlegðin frá Islandi orðið að stöðugri þjáning. En það er áreiðanlega lang-almennast, að fólk, sem fer héðan vestur, eftir að það hefir náð fullorðinsárum, ber í brjóstinu heitan kærleika til gamla landsins. Afstaða unga fólksins er auðvitað önnur. En þið skuluð ekki ætla, að þessar hlýju tilfinningar eldri kynslóðarinnar verði áhrifalausar á yngri kynslóðina. Það er nú eitthvað annað. Sæmd eða vansæmd Islands verður í þeirra augum fyrst og fremst sæmd eða vansæmd foreldra þeirra, og þetta fer þá að koma þeim æði mikið við — eins og þið sjáið á dæminu um litlu dóttur-dótturina hans Daníels pósts.

Það hefir fallið í mitt hlutskifti að flytja mörg erindi um æfina. Eg er orðinn nokkuð nærsýn á hugi tilheyrenda minna, finn það furðuglögt, hvernig þeir taka máli minu, þó að þeir segji ekkert. Eg hefi nú talað nokkuð oft um Island á þessari ferð minni, sagt löndum okkar frá einhverjum hliðum á þjóðlífi okkar. Þar hafa verið yndislegar stundir. Aldrei hefir það brugðist, að eg hafi fundið öldur samúðarinnar risa gegn mér og leika um sál mina, frjóvgandi eins og eitthvert lífsins vatn.

Eg veit ekki, eins og eg vék að áðan, hvað verður um islenzka tungu í Vesturheimi á ókomnum öldum. Eg er sannfærður um, að hún getur átt langt líf fyrir höndum þar enn. En hvað sem um hana verður einhverntíma, þá er eg sannfærður um það, að það verður Islendingum hér sjálfum að kenna, ef niðjar isl. útflytjenda verða ekki um mjög langan aldur útverðir islenzkrar sæmdar og isl. hagsmuna þar í vestrinu. Það er nokkuð til þess vinnandi. Það geta orðið mikil hlunnindi, því það eru allar likur til, að það muni mikið um þá menn vestra, sem af isl. bergi verða brotnir. Það er farið að muna mikið um þá nú — eftir að eins 50 ára dvöl innan um jarðarinnar atorkusömustu þjóðir.

Og enn er eitt sem eg veit, og ekki verður gengið fram hjá, þegar talað er um isl. þjóðerni í Vesturheimi. Þjóðartilfinning Vestur-Isl., meðvitund þeirra um það, að þeir alveg í sérstökum skilningi, heyri hver öðrum til, er afarrik. Ótakanlegt dæmi þess kom fram um það leyti, sem eg kom til Winnipeg. Sá atburður hafði komið fyrir í fyrsta sinn í sögu Islendinga í Vesturheimi, að isl. maður hafði verið sakaður um morð og dæmdur til hengingar, langt, langt norður í Canada. Maðurinn hafði verið dæmdur eftir likum og likurnar höfðu óneitanlega verið afarsterkar. Hér átti hlut mannræfill, óreiðumaður, sem enginn átti neitt við að virða. Hann gat einkis annars notið en þess, að hann var Islendingur. En það var nóg. Það var eins og felmtri slægi á alla isl. menn í Canada. Manninum varð að bjarga, ef þess var nokkur kostur. A örfáum dögum safnaðist á fimta þúsund dollarar. Lögmaður var ráðinn, Hjálmar Bergmann, til þess að leggja út í þessa fremur óvænlegu baráttu. En hann vann sigur. Honum tókst að bjarga manninum frá lífláti. Eg efast um að nokkurt annað þjóðarbrot í Vesturheimi hefði brugðist eins við, þegar eins hefði verið ástatt. Þeir eru áreiðanlega nokkuð miklir og ákveðnir Islendingar enn, landarnir okkar í Vesturheimi. Og nú finst mér rétt að geta þess í þessu sambandi, að á þessum löndum okkar getum við átt von, væntanlega hundruðum saman, en ef til vill þúsundum saman 1930. A öllum stöðum Islendinga vestra, í borgum og sveitum, er fólk, sem hugsar til þess með hinni hjartfólgnustu eftirvænting og tilhlökkun að fá að sjá Island í skrautbúningi þeirrar merkilegu menningarhátíðar. Þeir eru af prestum Sambandsfélagsins og fyrv. þingmaður. Það er áreiðanlegt að þessi hugsjón á ítök í báðum kirkjufélögunum. Hvort tíminn er kominn til þess að hún komist í framkvæmd, eða hvenær hann kemur, skal eg láta ósagt. En bezt gæti eg trúað því,, að þessi verði endirinn á kirkjumáladeilum Vestur-Islendinga. Og ekki dylst eg þess, að mér finst að það væri fegursti og besti endirinn, og bezt samboðinn þeim vitsmunum og þeirri góðfýsi, sem Vestur-Islendingar eiga svo mikið af.

Eg geri ráð fyrir, að ýmsum verði að spyrja: Hvað líður isl. þjóðerni og isl. tungu í Ameriku? Við höfum mikið verið um það fræddir, að þetta sé alt á förum. Hvernig hugsa Vestur-Islendingar til Islands? Mér hefir skilist á sumum, að þeir haldi, að það sé með nokkuð miklum kulda. Eg tel mig ekki neinn hæstaréttardómara í þessum efnum. En *nokkuð* veit eg um það.

Eg veit til dæmis það, að eg hefi ferðast meira um meðal Vestur-Islendinga en nokkur annar maður hér á landi, sem mér er kunnugt um, og eg get varla sagt, að nokkur maður þar, sem af islenzku bergi er brotinn, gamall né ungur, hafi talað við mig annað en islenzku. Eg hefi talað við fjölda af mönnum, sem annað hvort hafa komið ung börn til Vesturheims eða fæðst þar, og tala eins góða islenzku og eg. Það virðist svo, sem islenzkan standi mjög föstum fótum úti í nýlendunum. Menn tala þar islenzku og ensku jafnvel, sumir — liklega samt enskuna siður. Töluvert öðru máli er að gegna í borgunum. Unga kynslóðin kann þar yfirleitt ekki eins vel islenzku eins og út í sveitunum, þó að sumt fólk, sem henni tilheyrir, kunni islenzku ágætlega. En það er eðlilegt og óhjákvæmilegt, að þar verði enskan ungum mönnum tamari. Þar hafa menn svo miklu meiri mök við enskumælandi menn, alt frá skólunum og barnaleikjunum og út í starfið. Þar verður það einkum gáfaða fólkið, sem leggur stund á islenzkuna, og eg geri ráð fyrir, að þegar enn lengra líður, muni margir alveg leggja árar í bát með hana. Það er ókleift að segja, hvað lengi islenzkan helst við vestra, eða hvenær hún verður aldauða, ef engir útflutningar verða héðan af landi. En enn verður ekki annað sagt, en að hún lifi góðu lifi, og liklegast svo góðu lifi, sem frekast er unt að hugsa sér þegar allar ástæður eru teknar til greina, að minsta kosti ættum við ekki að því að finna, hvað islenzkunni hnigni þar. Ekki höfum við stutt vini islenzkunnar þar svo kappsamlega í baráttu þeirra — jafnvel reynst ófáanlegir, að örfáum mönnum undanteknum, til þess að kaupa rit Þjóðræknisfélagsins.

Annað veit eg: Vestur-Islendingar vita svo mikið um Island og alt, sem hér er að gerast, að í fyrstu stórfurðaði mig á því. Eg á ekki við fræðimenn þeirra. Eg á ekki við menn eins og séra Rögnvald Pétursson, sem á eitthvert það ágætasta islenzkt bókasafn, sem til er á nokkru heimili, austan hafs og vestan, og er svo fróður maður um alt islenzkt að fornu og nýju, að ekki munu vera nema örfáir menn hér á landi, sem standa honum á sporði í þeim efnum. Eg á ekki við menn eins og núverandi forseta Þjóðræknisfélagsins, séra Jónas A. Sigurðsson, sem segja má um, að Island og alt islenzkt sé honum ástríða. Eg á við allan almenning manna. Eins og eg sagði, furðaði mig á því, hvað þekkingin var mikil á islenzkum efnum. En bráðlega áttaði eg mig á því. Það stafar af þeirri miklu fræðslu, sem vikublöð þeirra, Lögberg og Heimskringla, veita lesendum sinum um islenzk málefni. Þau prenta svo mikið upp úr blöðunum héðan. Fyrir það eiga þau hinar mestu þakkir skilið af vorri hálfu. Fyrir bragðið verður samband Vestur-Islendinga við Island svo margfalt sterkara; hugur þeirra er í hverri viku leiddur hingað; og skilningur þeirra á mönnum og málefnum verður svo margfalt ljósari en hann annars gæti verið.

Þetta stingur nokkuð alvarlega í stúf við þá vanþekkingu á högum V-Isl., sem ríkir hér heima. Blöðin hafa alveg vanrækt það skyldustarf að fræða menn um þá. Þetta verður að breytast. Þetta atriði er V.-Isl. viðkvæmt. Þeim finst alt af í öðru veifinu, að við litum niður á þá. Auðvitað væri nokkuð hlægilegt, ef við gerðum það, og auðvitað gerir það enginn maður með viti. En það er afar-áríðandi, að ekki fáir, sem hafa sagt við mig, að þeir telji dagana, þangað til þetta gerist, og aðrir hafa sagt, að þó að þeir séu nú orðnir gamlir, þá voni þeir, að þeim auðnist að lifa þetta. Það er afaráríðandi, að hlynt verði að þeim héðan að heiman, og þó ekki siður hitt, að viðtökurnar verði gestunum og sjálfum okkur samboðnar. Við fáum sjálfsagt mikið af gestum 1930. En við fáum enga gesti, sem þykir jafnvænt um Island eins og Vestur-Islendingum.

Þá geri eg ráð fyrir, að sumir myndu vilja spyrja um efnahaginn. Um hann vil eg sem minst fullyrða. Eg hefi ekki átt kost á að rannsaka bankabækur manna, né heldur eftir því sókst. Það er áreiðanlegt, að ekki allfáir Vestur-Islendingar eru sterkefnaðir menn. Hitt er líka jafn víst, að á árunum eftir ófriðinn hefir hagur margra manna orðið þrengri, sumpart fyrir uppskerubrest og sumpart fyrir ógætni í meðferð eigna sinna, sem hvarvetna um heiminn hefir þótt við brenna á þessum árum. Eg býst við, að þetta ár lagi stórkostlega til fyrir mörgum, því uppskeran var víðast ágæt, þar sem Islendingar eru bændur, og hveitiverðið virtist ætla að verða hátt. Hveitifylkin mklu í Canada, Manitoba, Saskatchewan og Alberta, þar sem aðalstöðvar Islendinga eru þar í landi, urðu að fá sér 60,000 kaupamenn úr austurfylkjunum, til þess að geta ráðið við uppskeruna, og mjög mikil var hún hjá Islendingum í Dakota.

En hvað sem verulegri auðsæld líður, þá leynir það sér ekki, að mennirnir lifa svo veglegu menningarlífi, að margar þjóðir mundu geta öfundað þá af því. Bændur vinna alt með vélum, sumir mjólka jafnvel kýrnar sínar með vélakrafti. Bilarnir eru óteljandi. Húsakynnin eru að verða mjög fullkomin og matarhæfið ágætt. En í sumum borgum, sérstaklega í Canada, er nú þröngt um atvinnu fyrir verkamenn, enda hafa margir þeirra flutt sig þangað sem léttara er undir fæti í atvinnuefnum.

Vestur-Islendingar eru yfirleitt ekki taldir sparnaðarmenn. Eg gæti trúað því, að þeir séu flestum mönnum örlátari. Og áreiðanlega er ein eyðslan, sem er meiri hjá þeim en flestum mönnum öðrum. Það er sú eyðslan, að koma börnunum sínum til menta.

Eg hefi ofurlítið verið að rýnast eftir því, hvað verður um þessa islenzku menn, sem settir eru til menta í Vesturheimi, eða bætt hafa þar við nám sitt héðan. Eg hefi meðal annars fengið vitneskju um það, að um 20 hafa orðið háskólakennarar. Tveir af þeim báðir prófessorar í Winnipeg, eru Oxford-menn, hafa í samkepni hlotið Cecil Rhodes-verðlaunin, sem er mestur námsframi í nýlendum Breta. Annar þeirra er Joseph Thorson, nú yfirmaður lögfræðideildar háskóians í Winnipeg, hinn Skúli Johnson, málfræðingur og skáld. Um 40 hafa orðið læknar og tannlæknar. Lögfræðingar hafa orðið yfir 30, prestar yfir 40. Einn hefir orðið ráðherra og einn yfirdómari og 18 þingmenn á löggjafarþingum. Bókaverðir hafa orðið 3, og iðnrekendur í stórum stíl, eftir amerískum mælikvarða, að minsta kosti tveir. Auk þess er sægur af skólastjórum við gagnfræðaskóla, sem Vesturheimsmenn nefna High Schools.

Hvernig hafa nú þessir menn reynst? Það fer ekki tvennum sögum um það, að þeir hafa yfirleitt reynst snildarlega. Eg skal geta örfárra dæma, sem hafa varpað frá sér sérstökum ljóma. Eg ætla að minnast á tvo þeirra manna, sem hafa orðið háskólakennarar. Annar er fátækur bóndason norðan úr Nýja Islandi. Hann er nú með frægustu landkönnuðum veraldarinnar. Þið kannist öll við hann. Hann heitir Vilhjálmur Stefánsson. Hinn heitir Thorbergur Thorvaldsson. Hann er prófessor við háskólann í Saskatchewan. Hann er einn af merkustu náttúrufræðingum Vesturheims, hefir gert hverja uppgötvanina á fætur annari, en vakti þegar athygli á sér með doctorsdispútatíu sinni: "The atomic weight of iron" og hún var þýdd bæði á ensku og þýzku.

Hann býr við samskonar kjör og tiðkast með háskólamönnum, sæmilega afskamtað uppeldi og ekkert meira. Honum voru boðnir 15 þúsund dollarar eða um 75 þús. kr. í árslaun ef hann vildi flytja sig til. En hvorki þá hann boðið eða fór fram á launahækkun til þess að vera kyr. Hann var ráðinn í því að láta þá visindastofnun, sem honum var farið að þykja vænt um, njóta þess, sem honum kynni að auðnast að inna af hendi. Og hann var ófáanlegur til að fara á nokkurt uppboð.

Þá er einn landi vor í Chicago, sem við ættum óneitanlega að vita meira um en við vitum, Hjörtur Thordarson, nafnfrægur uppfyndingamaður og iðnrekandi Fyrir nokkru hafði hann eftir því sem mér var sagt, 400 manns í þjónustu sinni. Með öllu því, sem hann hefir haft um að hugsa hefir honum unnist, að sögn, tími til að sinna isl. bókmentum og afla sér ágætis isl. bókasafns.

Einum lögmanninum má eg ekki gleyma. Hann heitir Guðmundur Steingrímsson, en hefir stytt nafn sitt og nefnir sig Grímsson. Hann á heima í litlu þorpi í Norður Dakota, og er bróðir séra Jóns heitins Steingrímssonar. Hann er einhver sá yfirlætisminsti og hógværasti maður, sem menn geta hitt, en eftir hann liggur þrekvirki, sem tíðrætt varð um, og ætti að mista kosti ekki að gleymast meðan Islendingar verða til. Það er málaferill hans við Floridaríkið. Hann lagði út í það að höfða sakamál gegn því — og vann það.. Þýzkur drengur hafði verið — sekur eða saklaus — dæmdur til betrunarhússvistar. Fangavörðurinn hafði leigt hann út einhverjum fanti og leigutakinn hafði barið drenginn svo mikið, að hann beið bana af. Foreldrar drengsins voru umkomulaus og bláfátæk, er þessi landi okkar tók að sér málið fyrir þau, og fékk fangaverði og leigutaka refsað og löggjöfinni um meðferð fanganna breytt.

Þá skal eg að lokum minnast á einn manninn, sem aldrei hefir verið settur til menta, en sannarlega hefði átt það skilið að komast á skólabekkinn. Hann heitir Þorsteinn Borgfjörð, og er sonur fátæks innflytjanda í Nýja Islandi. Hann hefir tekið að sér að koma upp þverju stórkostlegu mannvirkinu eftir annað, þar á meðal þinghúsinu í Winnipeg, sem er ein af veglegustu höllum í Canada og einni af mestu brúnni á Kyrrahafsströndinni. Sjálfur hefir hann gert útreikingana undir tilboðin og sjálfur hefir hann stjórnað öllu verkinu. Sama lofsorðinu hefir ávalt verið lokið á frágang hans. Og enginn hefir kent honum annar en starfið sjálft og hans eigið mannvit.

En þegar eg hugsa til Vestur-Islendinga, þá eru það ekki hinir glæsilegustu afreksmenn og þjóðkunnir snillingar, sem heilla hugann mest, Það er þrautseigjan og mannvitið og það mikla manngildi yfirleitt, sem komið hefir fram hjá almenningi þeirra. Kjörin, sem mjög margir þeirra áttu við að búa í byrjuninni, voru alveg ótrúlega örðug. Fáist landnámssaga þeirra einhverntíma rituð vel, þá verður hún eitt af furðulegustu æfintýrum veraldarinnar. En merkilegasti þátturinn í henni verða leikslokin, sem við getum sagt, að nú séu komin, eftir 50 ára dvöl Islendinga í Vesturheimi: sigurinn, sem þeir hafa unnið, virðingin, sem þeir hafa aflað sér fyrir nærri því alla þá mannkosti, sem mest gildi hafa í félagslífi manna. Venjulega er svo að orði kveðið, að flestir hafi þeir komið allslausir. Þeir komu sannarlega ekki allslausir. Þeir komu með það sem í þeim bjó. Og það var mikill auður.

Margt er það fleira, sem mér þætti vænt um að geta sagt ykkur, en eg get ekki komið því við að þessu sinni. Eg ætla að eins að bæta því við, að áður en við fórum frá Winnipeg alfarin, var okkur haldin kveðjusamkoma, sem sótt var af nokkrum hundruðum manna, Þjóðræknisfélagið gekst fyrir henni, og forseti þess stýrði samkomunni. Þar voru okkur afhentar gjafir og þar var mikill hljóðfæraslátur. Vestur-Islendingar leggja mikla stund á músik, eins og aðrar mentir, og mikið er þar af söngmönnum. Ræðusnar voru margar og góðvildin takmarkalaus. Þar töluðu, auk forseta, Stefán Thorson, faðir prófessorsins, gamall og orðlagður ræðusnillingur, séra Rögnvaldur Pétursson, séra Rúnólfur Marteinsson systursonur séra Jóns Bjarnasonar, forstöðumaður Jóns Bjarnasonar skólans — á stórri Goodtemplarasamkomu, sem haldin var í Winnipeg til þess að fagna okkur, hafði hann áður flutt aðal ræðuna — Sigfús Halldórs frá Höfnum ritstj. Heimskringlu, Arinbjörn Bardal stórtemplar, Hjálmar Bergman, Dr. M. B. Halldórsson og Árni Eggertsson. Þeir, sem nokkurn kunnugleik hafa vestra, skilja það af þessum nöfnum, að það var ekki gert að flokksmáli að sýna okkur góðvild. Það var allra mál — vafalaust af því að við vorum frá Islandi, eins og eg hefi áður bent á.

Á þessari samkomu svaraði eg spurningu, sem afaroft var fyrir mig lögð, hvort eg hefði ekki haft mikla ánægju af því að hitta landana mina vestra. Eg svaraði henni játandi, en ofurlitið dræmt. Það eru sem sé tvær hliðar á því að finna vini sína á ferðalagi. Önnur er sú að hitta þá. Þegar engu er að mæta öðru en heitri ástúð, og þegar alt af er verið að segja við mann ekki svo sjaldan með tárin í augunum — "nú sjáumst við víst aldrei framar" — þá getur verið nokkuð örðugt að kveðja. Það var mjög örðugt að kveðja Vestur-Islendinga.

—Lögr.

Copenhagen

Þetta er tóbaksaskjan, sem hefir að inniholda heimsins bezta munntóbak.

MUNNTÓBAK

Búið til úr hinum beztu, elstu og safamestu tóbaksblöðum, er ábyrgst að vera algerlega hreint.

HJÁ ÖLLUM TÓBAKSSÖLUM